

Steen Lund-Thomsen heiðursdoktor 14.11.2008



Doctor mercatoriae honoris causa í viðskiptafræðideild

Steen Lund-Thomsen fæddist í Kolding 25. maí 1943 og lauk hann M.Sc. prófi frá Viðskiptaháskólanum í Árósum árið 1969. Að námi loknu starfaði hann sem kerfisráðgjafi hjá IBM um tveggja ára skeið og síðan frá 1971 sem stjórnunarráðgjafi hjá Touche Ross endurskoðunarfyritækinu í önnur tvö ár. Árið 1973 réðist Steen til Viðskiptaháskólans í Árósum fyrst sem sérfræðingur. Hann gegndi starfi lektors við skólann 1974 -1978 og starfi dósentis 1978-2006.

Starfsferill Steens Lunds-Thomsens við Viðskiptaháskólann í Árósum markast einkum af framlagi hans til stjórnunar við skólann. Steen var allan sinn starfsferil eftirsóttur í nefndarstörf af ýmsu tagi. Má þar nefna námsnefndir, stjórnarnefndir og nefndir sem unnu að stefnumótun. Einnig sat hann í mörgum nefndum sem lögðu grunn að nýrri eða breyttri skipan náms á sviði viðskiptafræði, bæði innan skólans í Árósum og á landsvísu. Oft kom það í hlut Steens að leiða þessi nefndarstörf. Steen gegndi í tvígang starfi forseta Viðskiptaháskólans, fyrst árin 1989-1993 og svo árin 2001-2005. Hann var einnig varaforseti á árunum 1997-2001 og frá 2003 hefur hann átti sæti í EQUIS (European Quality Improvement System) sem er nefnd á vegum EFMD (European Foundation for Management Development).

Kennsla Steen Lund-Thomsens var fyrst og fremst á sviði tölfræði, aðferðafræði og altækrar gæðastjórnunar. Rannsóknáherslur hans voru einkum á hagnýtingu tölfræði á sviði viðskiptafræðinnar.

Steen Lund-Thomsen er einstaklega umhugað um Ísland. Hann hefur lengi átt og ræktað íslenska hesta í Danmörku. Hann hefur ferðast mikið um Ísland og kynnt það fyrir áhugasömum samferðamönnum sínum.

Steen hefur einnig sýnt viðskiptafræðikennslu í Háskóla Íslands mikinn áhuga. Hann var gestakennari við viðskipta- og hagfræðideild 1996 og á árunum 1995-2001 átti hann frumkvæði að og varð ábyrgðarmaður, fyrir hönd Viðskiptaháskólans í Árósum, á sérstökum samstarfssamningi skólans við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Með þessum samningi skuldbatt Viðskiptaháskólinn í Árósum sig til að gera öllum meistaranemum í viðskiptafræði í Háskóla Íslands mögulegt að sækja hluta af námi sínu í Árósum. Þetta frumkvæði Steens Lunds-Thomsens réði úrslitum þegar viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands tók ákvörðun um að fara af stað með meistaranám í viðskiptafræði árið 1997 og byggði námið fyrstu árin á námsskrá Viðskiptaháskólans í Árósum.

Af þessum sökum telur Háskóli Íslands sér það sæmdarauka að heiðra Steen Lund-Thomsen með nafnbótinni doctor mercatoriae honoris causa.

Sé það góðu heilli gjört og vitað.